



Borgarnesi 11.11 2011

Lönaðarráðuneyti			
Málsnr.	IDN00080019	Ábm.	HkBs
B lyk.	2.1.1	Aðrir	PI4
Mótt.	15.11.2011	Fskj.	
Aths.		Trúnm.	

Lönaðarráðuneytið

Arnarhvoli

150 Reykjavík

Umsögn Borgarbyggðar; Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Með bréfi dagsettu 19.08 2011 var Borgarbyggð gefin kostur á að veita umsögn um þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Byggðarráð, landbúnaðarnefnd, Borgarfjarðarstofa og umhverfis- og skipulagsnefnd hafa tekið mál fyrir og bókað um erindið. Með hliðsjón af bókunum fagnefnda er eftirfarandi umsögn veitt.

„Borgarbyggð gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Í tillögunni er nefndur einn virkjunarmöguleiki í Borgarbyggð, en það er virkjun við Kljáfoss í Hvítá. Lagt er til að sá virkjunarkostur fari í biðflokk og tekur sveitarstjórn Borgarbyggðar undir þá tillögu.“ Sveitarstjórn vill jafnframt benda á að virkjun við Kljáfoss er ekki á aðalskipulagi Borgarbyggðar. Miðað við þær virkjunarhugmyndir sem uppi hafa verið þá mun landbúnaðarland skerðast á nokkrum bújörðum næst virkjuninni. Sveitarstjórn vill að það verði skoðað sérstaklega ef gerð verði úttekt á virkjunarkostum við Kljáfoss.

Virðingarfyllt

SVEITARSTJÓRINN
BORGARBYGGÐ

Páll S. Brynjarsson

Sveitarstjóri

Borgarbyggð kt.510694-2289, Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi